

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

11. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

11. gr.

Grunnfjárhæð.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 212.694 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 340.310 kr. (212.694 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 179.206 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 106.346 kr. (212.694 : 2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 179.206 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta, húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

A-liður 16. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 17.071 kr. á mánuði.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 17.071 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru í borgarráði 10. desember 2020 eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, eru ívilnandi og taka gildi 1. janúar 2021.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. desember 2020.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2021